

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Ak Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



Dags eftirlits	4.6.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás Ak	Fulltrúi UST	
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4205891319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Víðisson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsháttum er varða öryggi, skipulag og snyrtimennsku er verulega áfátt. Ábyrgðarlaust er að safna upp svo miklu af úrgangi, sérstaklega af brennanlegu efni. Ef til bruna kæmi er líklegt að annað efni (en brennanlegt) á staðnum yrði til trafala vegna þrengsla. Í þriðja skiptið (í reglubundnu eftirliti 2012,2013 og 2014) er frávik staðfest er varðar nægilegan aðskilnað úrgangsefna. Mikilvægt er að rekstraraðili minnki magn úrgangs á svæðinu, komi upp brennsluhólfum og betra skipulagi á athafnasvæðinu svo tryggja megi betur öryggi, lágmarka umhverfisálag og ná að gera svæðið snyrtilegt. Annað frávik sem hér er staðfest varðar einmitt þessa þætti. Þriðja frávik varðar tvo efnisþætti er mæla skal skv. starfsleyfi. Gerðar eru tvær athugasemdir, önnur varðar magn úrgangs á athafnasvæðinu en hin mikilvægi réttra merkinga í starfsemi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit hófst með fundi. Eftirfarandi þættir voru skoðaðir:

1. Innra eftirlit,gæðamarkmið og skráningar
2. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
3. Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
4. Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu og starfsemin almennt frá síðasta eftirliti.
5. Frárennismál voru ekki rædd á fundinum en farið yfir þau með Ásmundi Einarssyni í eftirliti í Reykjavík.

Að fundi loknum var athafnasvæði rekstraraðila skoðað. Að venju tók heilbrigðisfulltrúi NEY María Markúsdóttir þátt í eftirlitinu.

Frávik frá

Ákvæði 2.11 í starfsleyfi en þar segir að hreinn aðskilnaður skuli vera milli úrgangsflokka, svo lágmarka megi sambruna-hættu.

Lýsing á frávik

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Þetta frávik hefur verið staðfest í eftirliti nú í þriðja sinn.

Skv ákv. 2.1. í starfsleyfi skal rekstraraðili kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi hans veldur á umhverfið. Þá skal tryggt að úrgangsmeðhöndlun valdi ekki óþrifnaði og skal rekstraraðili halda Ákv. starfsleyfis nr. 5.2 og 5.3 um eftirlitsmælingar.

Verulegur hluti athafnasvæðis rekstraraðila er þakinn úrgangshaugum, þrengsli mikil og óreiða. Skipulagi er áfátt, lítil stjórn virðist vera á því magni úrgangs sem er geymt á svæðinu, svæðið er ósnyrtilegt og aðgengismál eru í ólagi. Hætta á slæmum bruna er því nokkur og þar með skyndilegu, og verulegu umhverfisálagi.

Efnagreiningar á svifögnum og súrefnisþörf vantar.

ATHUGASEMDIR

Merkingar á ílátum spilliefna og úrgangi er innihaldið gæti spilliefni hafa verið bætt, en enn er úrbóta þörf. Eitthvað er um að ílát sem innihaldið hafa spilliefni séu notuð fyrir önnur spilliefni eða endurvinnsluúrgang án þess að

merkingarnar séu fjarlægðar. Mikilvægt er að merkingar séu réttar og eldri merkingar fjarlægðar.

Erfitt er að meta magn brennanlegs úrgangs þar sem brennsluhólf eru ekki til staðar og stórir úrgangshaugar liggja saman. Að mati eftirlitsaðila er magn úrgangs á staðnum hreinlega of mikið.

Reykjavík, 25.08.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.